

## Dagskrá Iðunnar vorið 2017

Það sem eftir er vori 2017 verða kvæðalagaæfingar og félagsfundir á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar	Félagsfundir
6. apríl	8. apríl
4. maí	6. maí

Fundir og kvæðalagaæfingar eru haldin í Gerðubergi, sjá einnig á [www.rimur.is](http://www.rimur.is) og á [www.facebook.com/rimur.is](http://www.facebook.com/rimur.is)

Heiðmerkurgleði Iðunnar verður 15. júní og haustferð Iðunnar verður laugardaginn 2. september. Farið verður í Borgarfjörð.

Aðrir viðburðir sem félagar Iðunnar koma að:

### Vaka – Þjóðlagahátíð á Akureyri.

Á Vöku 2017 gefst einstakt tækifæri til að kynnast hefðbundinni íslenskri tónlist og handíðum, en þar að auki má sjá og heyra tónlist frá Írlandi, Skotlandi, Noregi, Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. Frá 24.-27. maí býður Vaka upp á fjögurra daga fjör með tónlist og dansi. Kveðskapur, tvísöngvar, fjörug danslög, þjóðlög - fiðla, langspil, harmonikka, selló, írsk flauta, harpa, írskar sekkjapipur, klarinett og hurdy-gurdy.

Forsala aðgöngumiða er á heimasíðu Vöku [www.thjodlist.is/vakais](http://www.thjodlist.is/vakais)

### Þjóðlagahátíðin á Siglufirði

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði verður haldin 5.-9. júlí, nú í 18. sinn. Námskeið og fjölbreyttir tónleikar með íslenskum og erlendum flytjendum. Listrænn stjórnandi Gunnsteinn Ólafsson. [www.folkmusik.is](http://www.folkmusik.is)



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

127. tölublað – 38. árgangur  
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Mars 2017  
Ábm: Bára Grímsdóttir

## Landsmót Stemmu 2017

Landsmót landssamtaka kvæðamanna verður haldið á Siglufirði 21.- 23. apríl. Þar verður margt til skemmtunar og fróðleiks, námskeið, rímnakveðskapur, söngur, dans og margt fleira.

Iðunn leigir 17 manna rútu en eftir síðasta fund og kynningu á landsmótinu eru öll sæti í henni frátekin; hægt er þó að skrá sig á biðlista.

Lagt verður af stað frá BSÍ 21. apríl kl. 12.00 á hádegi (mætið tímanlega!) og komið aftur heim á sunnudagskvöld. Þrjú sæti eru laus fyrir farþega í öðrum bíl sem fer á vegum Iðunnar. Þeir sem ætla á einkabílum eru hvattir til að sameinast í bíla.

Fólk þarf sjálf að panta sér gistingu og greiða fyrir hana. Stemma hefur tekið frá fyrir landsmótið fjögur herbergi á Hótel Siglunesi, tvö tveggja manna (annað er með hjónarúmi og baði), eitt þriggja manna með baði og eitt fjögurra manna. Fresturinn til að panta þessi herbergi er til 1. apríl.

Einnig eru laus fimm tveggja manna herbergi á gistihúsinu Herring House á Hávegi 5 á Siglufirði. Athugið að fyrstur pantar fyrstur fær.

Dagskrá landsmótsins er á þessa leið

### **21.04.2017 – föstudagur**

Rauðka, stóri salur kl. 20:00 – 22:00:

Tónleikar kvæðamanna. Flytjendur frá ýmsum kvæðamannafélögum.

### **22.04.2017 – laugardagur**

Rauðka, koníaksstofa kl.10:00-12:00:

Bragfræðinámskeið. Kennari Ragnar Ingi Aðalsteinsson.

Hádegisverður á Hannes Boy

Rjómalöguð grænmetissúpa og brauð, kaffi og te.

Rauðka, koníaksstofa 13:00 -14:50:

Kvæðalaganámskeið. Borinn saman kveðskapur nokkurra vestfirskra kvæðamanna sem Hallfreður Örn Eiríksson hljóðritaði og stemmur þeirra kenndar. Kennarar Rósa Þorsteinsdóttir og Bára Grímsdóttir.

Kaffi, te og kleinur

Rauðka, koníaksstofa 15:10 – 17:00:

Tvísöngvanámskeið. Kennari Guðrún Ingimundardóttir.

Þriggja rétta hátíðarkvöldverður á Hannes Boy

Forréttur: Ferskar rækjur með hvítlauk og steinselju.

Aðalréttur: Lambalæri ásamt meðlæti.

Eftirréttur: Skyrkaka Hótel Sigló, kaffi og te.

Skemmtiatriði og harmonikkudans

### **23.04.2017 – sunnudagur**

Bláa hús, 10:00 – 12:00: Aðalfundur Stemmu, landssamtaka kvæðamanna.

Hádegisverður á Hannes Boy

Aðalréttur: Þorskhnakkar í eggjahjúp ásamt meðlæti.

Eftirréttur: Rabbabarápæ með þeyttum rjóma, kaffi og te.

Fólk sem hefur fæðuofnæmi er beðið um að láta vita af því við skráningu, einnig þau sem eru grænkerar eða vegan.

Landsmótsgjaldið er 10.930 og skal gjaldið greitt við skráningu. Vinsamlegast leggið upphæðina á reikning Iðunnar: reikn. 0326-13-885604, kt. 560471-0179 og sendið tölvupóst á netfangið rosat@hi.is til staðfestingar.

Innifalið er hádegisverður á laugardag og sunnudag, kaffi og kleina um eftirmiðdag og kvöldverður á laugardag, einnig kaffi eða te með þessum málsverðum.

Félagsmenn þurfa ekki að greiða námskeiðsgjald. Gestir utan aðildarfélaga Stemmu skulu greiða kr. 5.000 sæki þeir öll námskeiðin, annars kr. 2.000 fyrir hvert námskeið.

Iðunn greiðir niður ferðakostnað þátttakenda. Þeir mega einnig reikna með að annar kostnaður verði greiddur niður að litlu leyti.

Höskuldur Búi Jónsson tekur við skráningum á netfangið: hoskibui@gmail.com og í síma 892 2958. Lokadagsetning skráningar er 1. apríl. Þeir sem skrá sig eftir 1. apríl geta ekki búist við að fá far á vegum Iðunnar eða niðurgreiðslu þátttökugjalda og lokafrestur þeirra til að skrá sig á landsmótið er 7. apríl.